

Birgir Steingrímsson
Litluströnd
660 Reykjahlíð

2002070034
6607; 9310

Reykjavík, 2. september 2002
/--

Efni: Skógrækt í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Birgis Steingrímssonar mótttekið 22. júlí 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt skógrækt í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Skógræktar ríkisins. Afrit af umsögn Skútustaðahrepps fylgdi framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. ágúst 2002, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 6. ágúst 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. ágúst 2002 og Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 13. ágúst 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti mótttekið 29. ágúst 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um er að ræða blandaða landbótaskógrækt, ösp, víði, birki, lerki og ýmsar aðrar tegundir, á tæplega 47 ha í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi. Fyrirhugað skógræktarsvæði sé að mestu illa gróið og að stórum hluta stórgrýttir melar með mólendisholtum á milli, þar sem jarðvegur er djúpur og þurr. Uppblásturshætta sé töluverð og talsvert um rofabörð á svæðinu. Fram kemur að lerki verði notað sem aðaltegund en það sé sú trjátegund sem vaxi best í örfoka landi. Hins vegar verði töluverð áhersla lögð á að blanda saman lerki og birki en einnig verði töluvert um blöndun lerkis og víðis eða birkis og víðis. Lerki og víðir verði mikið notuð í mólendi en dregið geti úr hlutfalli birkis eftir því sem jarðvegur verður þurrari og rýrari en þá muni hlutfall víðitegunda aukast. Á jaðarsvæðum verði einungis notað birki m.a. til að fella skógræktarsvæðið betur að landi. Fram kemur að austurjaðar skógræktarsvæðisins verði í um 750 m fjarlægð frá Kráká og engum trjátegundum af erlendum uppruna verði plantað nær

Kráká en 950 m. Fram kemur að um 50% af áætluðum plöntufjölda verði af erlendum uppruna þar af lerki um 38%. Tilraunir og ræktunarreynsla hafi sýnt að rússalerki sé sú trjátegund sem best hafi reynst þegar plantað sé í mela og illa gróið land. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé hlutfall ógróins lands um 52%. Fram kemur að tilgangur fyrirhugaðrar framkvæmdar sé að auka gróðurhulu og styrkja gróið land til að draga úr hættu á frekari landeyðingu í landi Litlustrandar. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Skútustaðahrepps kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við framkvæmdirnar.

Áhrif á menningarminjar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að á svæðinu sé ein rúst, svokölluð Geitakofabrot sem liggja 200-250 m vestan við veginn og um 100 m sunnan við landamerkjagirðingu Litlustrandar og Gautlanda. Í gögnum framkvæmdaraðila komi fram að þess verði vandlega gætt að tóftirnar spillist ekki vegna skógræktar eða annarra framkvæmda þeim tengdum s.s. slóðagerðar, jarðvinnslu og gróðursetningar. Þá muni þess verða gætt að gömlum gögum sem liggja um svæðið verði ekki spilt hvorki við gróðursetningu né jarðvinnslu. Fram kemur að upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði liggja fyrir og boðaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Því telji Fornleifavernd ríkisins að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúrufar, landslag og verndarsvæði

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að til langs tíma litið muni fyrirhuguð framkvæmd hafa áhrif á vatnsbúskap þannig að rennsli af svæðinu verði mun jafnara en nú er. Þá muni jarðvegsrof hverfa og tegundasamsetning gróðurs breytast þannig að mun fleiri tegundir verði á svæðinu. Talið er að áhrif á Mývatns- og Laxárvæðið verði óveruleg en nokkur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Landgræðsla ríkisins telur að út frá gróðurvernd og landgræðslu verði áhrifin jákvæð og að fyrirhugað framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að landbótaskógrækt á vegum landshlutabundinna skógræktarverkefna sem rekin séu af ríkinu eigi að byggjast eingöngu á notkun innlendra tegunda því það samrýmist best lögum um verndun Mývatns og Laxár, lögum um náttúruvernd og þeim alþjóðasamningum sem Ísland sé aðili að á sviði náttúruverndar s.s. Bernarsamningnum og samningi um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Markmið landbótaskógræktar sé að endurheimta ákveðin „náttúruleg“ landgæði/vistgerðir og hafi því önnur markmið en nytjaskógrækt og þurfi að skoðast í öðru ljósi. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt, þar sem vinnu við sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga sé ekki lokið, að bíða með einstakar skógræktaráætlanir. Niðurstaða Náttúruverndar ríkisins er sú að vegna umfangs skógræktarverkefnisins á Litluströnd og þess lands sem planta eigi í, skuli fyrirhuguð framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram vegna athugasemda um tegundaval sé hugsanlegt að draga úr vægi erlendra tegunda en þá megi að sama skapi búast við lakari árangri. Vakin er

athygli á því að nú þegar séu þær erlendu tegundir, sem fyrirhugað sé að nota, til staðar víða í Skútustaðahreppi og því sé ekki verið að flytja nýjar tegundir inn á svæðið.

Í umsögn Skógræktar ríkisins segir að þar sem talsvert sé um örfoka land á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þá sé ræktun á lerki vænlegust til árangurs. Ekki verði séð að lífríki eða gróðurfari svæðisins stafi nein hættu af notkun innfluttra trjátegunda þar sem ósennilegt er að þær dreifist út fyrir skógræktarsvæðin, m.a. vegna sauðfjárbeitar og fjarlægðar frá bökkum Krákár og Mývatns. Líklegra megi telja að framkvæmdirnar auki fjölbreytni og skapi búsvæði fyrir ýmsar innlendar tegundir. Því sé vandséð að framkvæmdin brjóti í bága við lög um verndun Mývatns og Laxár. Skógræktarsvæðin verði áberandi í landslagi en þau verði ekki við fjölfarna leið og muni ekki sjást frá þjóðvegi 1 sunnan Mývatns. Skógrækt ríkisins telur að fyrirhugað framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða blandaða skógrækt á tæplega 47 ha í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þíngeyjarsýslu. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lerki, sem er erlend trjátegund, verði notað sem aðaltegund vegna þess að sú trjátegund vaxi best í örfoka landi. Töluverð áhersla verði lögð á að blanda saman lerki og birki en einnig lerki og víði eða birki og víði. Fram kemur að ekki sé verið að flytja nýjar tegundir inn á svæðið. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af viðmiðum í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum að blönduð landbótaskógrækt í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi, þar sem m.a. verði notaðar hávaxnar og erlendar trjátegundir, muni hafa áhrif á landslag en að þau áhrif verði óveruleg. Þar sem um verndarsvæði er að ræða bendir Skipulagsstofnun á mikilvægi þess að nýta innlendar tegundir eins og kostur er. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornminjar séu óveruleg verði staðið að þeim eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt í landi Litlustrandar í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. október 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfissráðuneytið, Skútustaðahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Skógrækt ríkisins.